**Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026**

**Námsgrein**: Íslenska

**Árgangur**: 7. bekkur

**Kennari**: Erla Þórey Ólafsdóttir

**Netfang**: erla@klaustur.is

## Almennt um kennsluna

Nemendur 7. bekkjar fá 7 kennslustundir á viku í íslensku

**Námsaðlögun:**

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

**Hæfniviðmið**

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í sex flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Lestur og lesskilningur

Bókmenntir

Ritun

Málfræði og málnotkun

**Skipulag kennslunnar**

Nemendur vinna eftir leiðsagnahefti þar kemur fram verkefnin sem á að vinna og hvaða hæfni er verið að þjálfa. Nemendur þurfa svo að meta sig hvernig þeim gekk i verkefninu og hvort þau telji að þau hafi náð hæfni. Íslenskunámið er samtvinnuð öllu öðru námi. Nemendur læra ný hugtök í öllum greinum og auka þannig orðaforða sinn. Mikil áhersla er lögð á lesturinn og lesskilning hjá nemendum þar sem hann er undirstaða í öllu námi. Málfræði og stafsetning er

fléttuð inn í allt nám nemenda og mikið lagt upp úr skapandi skrifum. Lestur fer fram nánast daglega í skólanum. Nemendur eiga auk þess að lesa í frjálslestrarbókum heima, a.m.k. 15-20 mínútur á hverjum degi og skrá heimalestur í heimalestrarhefti.

Fjölbreytilegar aðferðir eru notaðar og lögð er áhersla á að sköpunarkraftur nemandans fái að njóta sín.

Námsgögn

· Orðspor 2, lesbók

Skrudda 2

· Málrækt 3 – málfræði.

· Smellur 2–lesskilningur

· Sköpunarbók - ritun

· Lestur - yndislestrarbækur,

· Skriftarefni frá kennara

· Auk þess Stafsetning, ritreglur og æfingar og annað efni frá kennarar.

**Námsmat**

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti jafnt og þétt yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Lesfimipróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið.

Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

| Tímabil | Efnisþáttur | Námsefni | Tenging við hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| **ágúst** | Sumarritun | Efni frá kennara | tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum, |
| **september** | **Lestur:** Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum.<br>Daglegur lestur heima og í skóla.<br><br>**Málfræði:** unnið með samtengingar, greinamerki og nafnorð<br><br>**Skrift:** skriftarbók 5<br><br>**Ritun**<br>Sköpunarbókin: Skapandi skrif.<br>Ritun eftir haustferð.<br><br>**Orðaforði**; Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.<br><br>**Hlustun og endursögn:** Nemendur hlusta á þátt, vinna hugtakakort og nota það til að endursegja efnið. | Skrudda<br>Málrækt 3<br>Skrift<br>Smellur<br>Efni frá kennara<br>Krakkaruv | -valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.<br><br>-áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,<br><br>-miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum,<br><br>-skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi,<br><br>-skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt,<br><br>-hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum |
| **október** | **Lestur:** Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum.<br>Daglegur lestur heima og í skóla.<br><br>**Málfræði:** Unnið með nafnorð,<br><br>**Skrift:** skriftarbók 5<br><br>**Stafsetning:** sóknarskrift, 10 orða á viku, upplestur, stafsetningarreglur<br><br>**Ritun** | Skrudda<br>Málrækt 3<br>Skrift<br>Smellur<br>Efni frá kennara<br>Krakkaruv | -valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.<br><br>-nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.<br><br>-áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,<br><br>-miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Sköpunarbókin: Skapandi skrif.<br><br>**Orðaforði**; Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.<br><br>**Hlustun og endursögn:** Nemendur hlusta á þátt, vinna hugtakakort og nota það til að endursegja efnið. | | innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum,<br><br>-beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.<br><br>-skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi,<br><br>-skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar,<br><br>-skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt,<br><br>-hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum |
| **nóvember** | **Lestur:** Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum. Daglegur lestur heima og í skóla.<br><br>**Málfræði:**<br>Unnið með lýsingarorð<br><br>**Skrift:** skriftarbók 5<br><br>**Stafsetning:** sóknarskrift, 10 orða á viku, upplestur, stafsetningarreglur<br><br>**Ritun**<br>Sköpunarbókin: Skapandi skrif.<br><br>**Orðaforði**; Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu. | Skrudda<br>Málrækt 3<br>Skrift<br>Smellur<br>Efni frá kennara<br>Arfurinn | -valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.<br><br>-áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,<br><br>-miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum,<br><br>-skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi,<br><br>-skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | **Bókmenntir:**<br>Kennari og nemendur lesa saman bókina Arfurinn og vinna verkefni úr henni. | | merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt,<br><br>l-esið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt,<br><br>-beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir, |
| **desember** | **Lestur:** Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum.<br>Daglegur lestur heima og í skóla.<br><br>**Málfræði:** Unnið með lýsingaorð<br><br>**Skrift:** skriftarbók 6<br><br>**Orðaforði**; Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.<br><br>**Bókmenntir:**<br>Kennari og nemendur lesa saman bókina Arfurinn og vinna verkefni úr henni. | Orðspor 2<br>Málrækt 3<br>Skrift<br>Smellur<br>Efni frá kennara<br>Arfurinn | -valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.<br><br>-áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,<br><br>-miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum<br><br>-lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt,<br><br>-beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir, |